

Mat á alvarleika persónuleikavandamála: Athugun á spurningalistanum *Severity Indices of Personality Problems (SIPP)* í úrtaki íslenskra háskólanema

Ragnar P. Ólafsson¹, Hjálmar S. Ásbjörnsson², Olga K. Pétursdóttir², Sigríður J. Guðmundsdóttir² og Jakob Smári²

¹Geðsvið, Landspítali, Reykjavík

²Sálfræðideild, Heilbrigðisvísindasvið, Háskóli Íslands, Reykjavík

Útdráttur

Spurningalistinn *Severity Indices of Personality Problems* eða *SIPP* er nýr spurningalisti sem metur alvarleika vandamála sem oft tengjast persónuleikaröskunum. Listinn er til í tveimur útgáfum og inniheldur önnur 118 atriði (*SIPP-118*) sem skiptast á alls 16 undirþætti sem tilheyra fimm yfirþáttum. Hin útgáfan er styttri og inniheldur 60 atriði (*SIPP-60*) sem notuð eru til að reikna út skor þátttakenda á yfirþáttunum fimm. Tilgangur þessarar rannsóknar var að kanna próffræðilega eiginleika íslenskrar þýðingar á *SIPP* listunum í úrtaki 634 háskólanema. Niðurstöður sýndu að áreiðanleiki 13 af 16 undirþáttum *SIPP-118* var ásættanlegur eða góður ($\alpha \geq 0,70$). Í leitandi þáttagreiningu voru þrjú af fimm þáttum sambærilegir við niðurstöður erlendra rannsókna á *SIPP-118*. Skor á yfirþáttum *SIPP-60* höfðu miðlungs til sterka fylgni við skor á spurningalista um lífsánægju þannig að meiri alvarleiki persónuleikavandamála tengdist minni lífsánægju. Marktækur munur var á meðaltölum á öllum yfirþáttum *SIPP-60* milli hópa sem höfðu lág, miðlungs eða há skor á skimunarlista fyrir persónuleikaraskanir. Fyrstu niðurstöður á íslenskri þýðingu *SIPP* spurningalistans benda til að próffræðilegir eiginleikar listans séu góðir en kanna þarf betur þáttbyggingu listans. Áframhaldandi rannsóknir ættu einnig að beinast að notagildi listans við greiningu og mat á árangri meðferðar við persónuleikaröskunum.

Inngangur

Í DSM-IV-TR, greiningarkerfi Amerísku Geðlæknasamtakanna fyrir geðraskanir (American Psychiatric Association, 2000), eru persónuleikaraskanir skilgreindar sem háttarni (hugsanir, tilfinningar, hegðun) sem hefur birst fyrst á unglingsárum eða fyrsta skeiði

fullorðinsára og leiðir til viðvarandi vanlíðunar og/eða röskunar á daglegu lífi. Samkvæmt skilgreiningunni eru persónuleikaraskanir langvinnur vandi sem er tiltölulega óháður aðstæðum og tímabilum í lífi fólks og greinast því frá öðrum geðröskunum, svo sem kvíðaröskunum og þunglyndi, sem eru skammvinnari og breytilegri. Í DSM kerfinu er eðli vandans lýst með viðmiðum fyrir afmarkaða flokka persónuleikaraskana sem byggjast á greinanlegum einkennum í hugsun, hegðun og tilfinningum fólks. Á undanförunum árum hefur vaxandi óánægju gætt með flokkun persónuleikaraskana samkvæmt núgildandi greiningarkerfum. Margt kemur til svo sem efasemdir um réttmæti flokkanna út frá niðurstöðum athugana á áreiðanleika og innra og ytra réttmæti matstækja sem byggja á núgildandi flokkun (sjá t.d. Livesley, 2001; Verheul og Widiger, 2004). Þetta hefur leitt til nýrra nálgana í mælingum og mati á einkennum persónuleikaraskana þar sem breytileika í háttarni er lýst á víddum frekar en með flokkum (Widiger og Simonsen, 2005). Samkvæmt þessu myndu öfgagildi á tilteknum víddum, svo sem taugaveiklun eða innhverfu, geta verið lýsandi fyrir fólk með persónuleikaraskanir. Hins vegar eru slík öfgagildi ekki nægjanleg ein og sér þar sem ekki er algilt að mikil taugaveiklun eða innhverfa leiði til viðvarandi vanlíðunar eða valdi vanda í daglegu lífi fólks.

Persónuleikaraskanir og aðlögunarfærni

Önnur leið til að lýsa einkennandi þáttum persónuleikaraskana er að skoða aðlögunarfærni (adaptive capacities) fólks. Þroskaferli manneskjunnar felur í sér aukna færni á ýmsum sviðum svo sem að ná stjórn á tilfinningum sínum og hvötum, stofna til og viðhalda samskiptum og nánnum tengslum við annað fólk, virða sjálfa sig og aðra og fylgja ríkjandi viðmiðum og reglum samfélagsins.

Skortur á þessari færni er oft einkennandi fyrir vanda fólks með persónuleikaraskanir. Þessi nálgun byggist því á þeirri hugmynd að lýsa megi persónuleikaröskunum út frá kjarnapáttum í venjulegum persónuleikaþroska sem eru mikilvægir fyrir afkomu manneskjunnar í flestum menningarsamfélögum (Livesley, 1998, 2001; Verheul o.fl., 2008). Hlutverk persónuleikans er því að stuðla að aðlögun manneskjunnar í því samfélagi sem hún lifir í og um persónuleikaröskun er að ræða þegar röskun verður á því hlutverki vegna skorts á aðlögunarfærni (Livesley, 2001). Til að þessar hugmyndir hafi hagnýtt gildi fyrir meðferð og greiningu persónuleikaraskana þarf að vera hægt að skilgreina í hverju kjarnapættir persónuleikans felist og búa til áreiðanlegt og réttmætt tæki til að mæla þá.

Severity Indices of Personality Problems (SIPP)

Spurningalistinn *Severity Indices of Personality Problems* eða SIPP (Verheul o.fl., 2008) byggist á ofangreindum hugmyndum um kjarnapætti persónuleikans og aðlögunarfærni. Tilgangur höfunda listans var að hanna mælitæki sem hefði klínískt gildi og væri hægt að nota til að meta árangur af meðferð við persónuleikaröskun. Lögð var því áhersla á breytanlega þætti persónuleikans (t.d. tilfinningastjórn, tengslamyndun) frekar en stöðugri þætti hans (t.d. tilfinninganæmi, taugaveiklun). Gerð listans var samstarfsverkefni sérfræðinga á sviði persónuleikaraskana í Hollandi og Englandi og er ítarlega lýst í nýlegri grein eftir Verheul og fleiri (2008). Mismunandi svið aðlögunarfærni sem tengjast breytanlegum kjarnapáttum persónuleikans voru fyrst skilgreind og atriði búið til. Atriði voru valin úr því safni á grundvelli mats sérfræðinga, sjúklinga og niðurstöðum tveggja forprófana. Lokaútgáfa listans inniheldur 118 atriði eða fullyrðingar sem svarað er á fjöggra punkta likert-stiku eftir því hversu sammála eða ósammála svarendur eru hverri fullyrðingu. Svarendur eiga að miða svör sín við undanfarna 3 mánuði. Atriðin 118 tilheyra 16 þáttum sem mæla mismunandi færnisvið og tilheyra 7 til 8 atriði hverjum þætti. Hærrí skor á þáttunum tákna meiri færni. Tafla 1 gefur yfirlit yfir undir- og yfirþætti spurningalistans.

Tafla 1. Yfirlit yfir þáttabyggingu SIPP-118 spurningalistans.

<i>I. Sjálfstjórn</i>	
Tilfinningastjórn	Geta þolað og stjórnað tilfinningum sínum
Viljastýrð stjórn	Stjórna hvötum sínum á meðvitaðan hátt
Stöðug sjálfsmýnd	Finna stöðugleika í sjálfun sér óháð stað og stund
Sjálfspækkning	Skilja tengsl milli umhverfis og eigin ástands, vægi sitt og gildi
Ýgisstjórn	Geta stjórnað árásarhneigð sinni í garð annarra
<i>II. Sjálfkennnd</i>	
Ánægja	Finna fyrir ánægju án sektarkenndar
Tilgangur	Að skapa tækifæri og setja sér markmið sem gefa lífinu gildi
Sjálfsvirðing	Telja sig vera einhvers virði og þurfa ekki að þola skaða
Gremjuþol	Að geta yfirstigið vonbrigði og mótlæti
<i>III. Tengslamyndun</i>	
Nánd	Að geta deilt persónulegri reynslu sinni með öðrum
Varanleg tengsl	Minda varanleg tilfinningatengsl í nánnum samböndum við aðra
Samþykki	Finnast aðrir skilja tilfinningar manns og skoðanir
<i>IV. Ábyrgð</i>	
Traust	Skilja og hegða sér samkvæmt gildum/viðmiðum í fél. samskipt.
Ábyrg hegðun	Setja raunhæf markmið og stefna að þeim með ábyrgum hætti
<i>V. Félagsleg samsvörun</i>	
Virðing	Að virða þarfir og sjálfstæði annars fólks
Samvinna	Að geta unnið með og aðlagð sig að markmiðum og þörfum annarra

Verheul ofl. (2008) athuguðu próffræðilega eiginleika SIPP-118 í sex úrtökum, bæði almenningss, persónuleikaröskunarsjúklinga og sjúklinga með aðrar raskanir, samtals 2.730 þátttakendur. Niðurstöður í úrtaki sjúklinga með persónuleikaraskanir sýndu ásættanlegan áreiðanleika allra undirþátta listans ($0,73 \leq \alpha \leq 0,84$) nema undirþáttarins Virðing ($\alpha=0,69$). Þáttgreining á undirþáttum listans leiddi í ljós fimm (yfir)þætti sem voru taldir lýsa þáttabyggingu listans best (þættir I-V í töflu 1). Meðaltöl á öllum undirþáttum voru marktækt

Ólík milli úrtaka persónuleikaröskunarsjúklinga, sjúklinga með aðrar geðraskanir og almennings, að undanskildum þáttunum Ýgistjörn, Sjálfsvirðing, Varanleg tengsl og Virðing þar sem meðaltöl voru áþekkt í úrtökum sjúklinga. Í úrtaki persónuleikaröskunarsjúklinga var marktækur munur á meðaltölum á yfirþáttunum fimm eftir fjölda persónuleikaraskana sem sjúklingarnir voru greindir með. Fylgni undirþátta við mismunandi víddir persónuleikavandamála (DAPP-BQ), svo sem tilfinningalegs óstöðugleika, æsisækni, kvíða og hegðunarvandamála, var í flestum tilvikum marktæk en miðlungssterk. Skammtíma endurprófunaráreiðanleiki yfirþátta var góður og yfirþættir voru næmir fyrir breytingum í kjölfar inngrips í úrtaki 60 sjúklinga með persónuleikaröskun sem fengu meðferð á tveggja ára tímabili. Þessar niðurstöður úr fyrstu athugun á próffræðilegum eiginleikum hollenskrar gerðar SIPP-118 sýna því ágæta próffræðilega eiginleika mælitækisins (áreiðanleiki, þáttabygging, endurprófunaráreiðanleiki) og styðja hugtakaréttmæti þess sem mælingar á alvarleika persónuleikavandamála sem er tiltölulega óháð eðli persónuleikaröskunarinnar. Búin hefur verið til stutt útgáfa listans, SIPP-60, sem inniheldur 60 af 118 atriðum listans. Hægt er að reikna skor á yfirþáttunum fimm út frá tólf atriðum sem tilheyra hverjum þætti í þessari útgáfu. Próffræðilegir eiginleikar SIPP-60 hafa hins vegar enn ekki verið prófaðir.

Tilgangur rannsóknarinnar

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna próffræðilega eiginleika SIPP-118 þar sem einungis örfá mælitæki eru til hér á landi sem nýtast við mat og mælingar á þessu sviði. Til að kanna hugtakaréttmæti íslensku útgáfunnar var spruningalisti sem mælir almenna lífsánægju einnig lagður fyrir ásamt spurningalista sem mælir vandamál í samskiptum og verið notaður sem skimunartæki fyrir persónuleikaraskanir. Gert var ráð fyrir að hærri skor á SIPP (meiri færni) tengdust meiri lífsánægju. Einnig var gert ráð fyrir að meiri samskiptavandi sem tengist auknum líkum á persónuleikaröskun, tengdist lægri skorum á SIPP. Vegna takmarkana á lengd fyrirlagnar, var stytt útgáfa SIPP (SIPP-60) lögð fyrir hjá þeim þátttakendum sem svöruðu listum um lífsánægju og samskiptavanda.

Aðferð

Þátttakendur

Alls 634 háskólanemar tóku þátt í rannsókninni og svöruðu 313 þeirra (106 karlar og 207 konur) SIPP-118 en 321 (114 karlar og 206 konur) svöruðu SIPP-60. Meðalaldur þeirra sem svöruðu SIPP-118 var 26,8 ár (sf=7,3) en þeirra sem svöruðu SIPP-60 25,9 (sf=6,4). Þeir sem svöruðu SIPP-60 listanum svöruðu einnig tveimur öðrum spurningalistum (sjá hér fyrir neðan).

Mælitæki

Severity Indices of Personality Problems (SIPP; Verheul o.fl., 2008). Bæði lengri (SIPP-118) og styttri (SIPP-60) gerð listans voru notaðar í rannsókninni og hefur listunum verið lýst í inngangi. SIPP listinn var þýddur úr ensku yfir á íslensku af Péttri Tyrpingssyni og Ragnari P. Ólafssyni, sálfræðingum og Hjálmarí S. Ásbjörnssyni sálfræðinema. Alls þrjár sálfræðingar skiptu með sér að bakþýða listann aftur yfir á ensku. Að lokum voru smávægilegar breytingar gerðar á íslensku þýðingunni og lokaútgáfa íslenska listans útbúin.

Inventory of Interpersonal Problems-Personality Disorder Scales (IIP-PD; Pilkonis o.fl., 1996). Þessi listi byggist á mælitækinu *Inventory of Interpersonal Problems* (Horowitz o.fl., 1988) sem upphaflega var hannað til að mæla samskiptavanda. IIP-PD eru þrjár persónuleikaröskunarkvarðar sem innihalda alls 28 atriði sem voru valin á grundvelli atriðagreiningar (Pilkonis o.fl., 1996). Heildarskor greinir ágætlega á milli þeirra sem hafa persónuleikaröskun og þeirra sem hafa ekki slíka röskun (Pilkonis o.fl., 1996). IIP-PD listinn er því hugsaður sem skimunartæki til að finna þá sem mögulega gætu uppfyllt greiningarviðmið fyrir persónuleikaröskun. Listinn hefur góða próffræðilega eiginleika, bæði í klínísku úrtaki (Pilkonis., 1996) og úrtaki háskólanema (Scarpa o.fl., 1999). Ragnar P. Ólafsson sálfræðingur þýddi listann úr ensku yfir á íslensku.

Satisfaction with Life Scale (SWLS; Diener, Emmons, Larsen og Griffin, 1985). Þessi listi inniheldur fimm atriði sem mæla almenna afstöðu fólks til lífsins, það er hversu ánægt það er. Próffræðilegir eiginleikar ensku útgáfu listans eru góðir (Pavot og Diener, 1993). Daníel Þór Ólason þýddi listann yfir á íslensku.

Niðurstöður

Meðaltöl, staðalfrávik og innra samræmi

Meðaltal og staðalfrávik hvers undirþáttar á SIPP-118 var reiknað ásamt alfa áreiðanleika og leiðréttri fylgni atriða við heildarskor undirþáttar. Niðurstöðurnar eru birtar í töflu 2.

Tafla 2. Meðaltöl (M) og staðalfrávik (Sf) ásamt áreiðanleika (α) og leiðréttri fylgni atriða (meðaltal og spönn) við heildarskor fyrir undirþætti SIPP-118 (N=313).

Undirþættir (fj. atr.)	M (Sf)	α	Fylgni atriða við heildarskor þáttar	
			M	Spönn
Tilfinningastjórn (7)	3,1 (0,5)	0,73	0,45	0,30-0,56
Viljastýrð stjórn (7)	3,3 (0,4)	0,72	0,44	0,27-0,56
Stöðug sjálfsmynd (7)	3,2 (0,5)	0,77	0,50	0,33-0,55
Sjálfspækking (7)	3,2 (0,5)	0,80	0,53	0,38-0,62
Ýgisstjórn (8)	3,7 (0,4)	0,78	0,50	0,41-0,56
Ánægja (7)	3,4 (0,5)	0,79	0,52	0,40-0,65
Tilgangur (7)	3,4 (0,4)	0,68	0,41	0,15-0,60
Sjálfsvirðing (8)	3,4 (0,5)	0,83	0,56	0,22-0,69
Gremjuþol (8)	3,0 (0,4)	0,75	0,44	0,27-0,58
Nánd (7)	3,2 (0,5)	0,80	0,54	0,43-0,64
Varanleg tengsl (7)	3,5 (0,5)	0,78	0,50	0,43-0,63
Samþykki (8)	3,3 (0,5)	0,80	0,51	0,39-0,58
Traust (8)	3,3 (0,4)	0,66	0,36	0,25-0,51
Ábyrg hegðun (7)	3,1 (0,5)	0,75	0,47	0,26-0,61
Virðing (7)	3,4 (0,4)	0,62	0,33	0,21-0,46
Samvinna (8)	3,3 (0,4)	0,80	0,52	0,29-0,72

Meðaltöl undirþátta eru á bilinu 3,0 til 3,7 og er það lægst á undirþættinum Gremjuþol en hæst á Ýgisstjórn. Samkvæmt niðurstöðum Verheul o.fl. (2008) voru meðaltöl undirþátta hollensku útáfunnar í úrtaki úr almennu þýði á bilinu 2,94 og 3,65. Sömu undirþættir og í íslensku útgáfunni höfðu þar hæsta og lægsta meðaltal. Alls 13 af 16 undirþáttum hafa alfa áreiðanleika sem er a.m.k. ásættanlegur ($\alpha < 0,70$) en áreiðanleiki undirþáttanna Tilgangur, Traust og Virðing er ófullnægjandi. Þessir þrjú undirþættir hafa einnig lægstu leiðrétta meðalfylgni atriða við heildarskor.

Þáttbygging

Undirþættirnir 16 voru notaðir sem breytur í meginásabáttagreiningu (principal components analysis) til að kanna þáttbyggingu SIPP-118. Þar sem Verheul o.fl. (2008) töldu fimm þætti lýsa þáttbyggingu hollensku útgáfu listans best, voru fimm þættir dregnir út og snúið með

promax snúningi. Niðurstöðurnar eru birtar í töflu 3 þar sem þáttahleðslur sem eru 0,30 eða hærri eru feitletraðar. Í töflunni er undirþáttunum raðað samkvæmt þáttbyggingu hollensku útgáfunnar.

Tafla 3. Fimm þátta lausn úr meginásabáttagreiningu á undirþáttum SIPP-118 eftir Promax snúning (N=313).

Undirþættir	Þáttahleðslur úr þáttagreiningu				
	I	II	III	IV	V
<i>Sjálfstjórn</i>					
Tilfinningastjórn	0,86	-0,07	-0,11	0,04	0,25
Viljastýrð stjórn	0,74	-0,26	0,07	0,13	0,35
Stöðug sjálfsmynd	0,78	0,10	-0,01	-0,07	0,16
Sjálfspækking	0,75	0,17	0,01	-0,13	0,16
Ýgisstjórn	0,10	0,23	0,04	0,01	0,81
<i>Sjálfkennd</i>					
Ánægja	0,58	0,45	-0,10	0,03	-0,17
Tilgangur	0,45	0,34	0,28	-0,15	-0,08
Sjálfsvirðing	0,79	0,24	0,02	-0,16	-0,22
Gremjuþol	0,86	-0,23	0,08	0,23	-0,13
<i>Tengslamyndun</i>					
Nánd	-0,25	0,95	0,07	0,06	0,19
Varanleg tengsl	-0,02	0,91	0,02	0,01	0,08
Samþykki	0,23	0,75	-0,17	0,06	0,10
<i>Ábyrgð</i>					
Traust	-0,05	0,09	0,86	0,06	0,12
Ábyrg hegðun	0,07	-0,09	0,97	-0,05	-0,03
<i>Félagsleg samsvörun</i>					
Virðing	-0,03	0,07	-0,03	0,90	0,09
Samvinna	0,13	0,40	0,07	0,56	-0,20
Eigingildi	8,50	1,46	1,11	0,97	0,72

Þættirnir fimm skýrðu samtals 79,8% af dreifingu undirþáttanna. Eigingildi þáttanna voru á bilinu 0,72 til 8,50. Í töflu 3 sést að á þremur (þættir II, III og IV) af fimm þáttum raðast undirþættirnir með svipuðum hætti og í hollensku útgáfu listans (Tengslamyndun, Ábyrgð, Félagsleg samsvörun) en frávik eru nokkur á hinum tveimur þáttunum (Sjálfstjórn og Sjálfkennd). Undirþættir Sjálfstjórnar og Sjálfkenndar hlaða á sama þáttinn (þáttur I), að undanskildum undirþættinum Ýgisstjórn sem er eini þátturinn sem hefur háa hleðslu á þátt V.

Fimm þættir lýsa því þáttabyggingu íslensku þýðingarinnar ekki eins vel og þeirrar hollensku.

Tengsl við lífsánægju og skimunarlista fyrir persónuleikaraskanir

Áður en tengsl SIPP-60 við SWLS og IIP-PD voru skoðuð var athugað samræmi í skorum á yfirþáttum SIPP sem fást með SIPP-118 og SIPP-60. Þetta var gert með því að reikna fylgni milli skora á yfirþáttum miðað við þessar tvær útgáfur hjá þeim 313 þátttakendum sem svöruðu SIPP-118. Niðurstöður sýndu að skor á yfirþáttum út frá styttri útgáfunni höfðu í öllum tilvikum mjög háa fylgni við samsvarandi skor út frá lengri útgáfunni (r á bilinu 0,91 til 0,98, $p < 0,001$ í öllum tilvikum). Þetta bendir til að skor á yfirþáttunum fimm sem fást með SIPP-60 endurspegli vel þau skor sem myndu fást með SIPP-118.

Því næst voru skoðuð tengsl lífsánægju (SWLS) við skor á yfirþáttunum fimm hjá 321 þátttakanda sem svaraði SIPP-60. Innbyrðis fylgni milli yfirþáttanna ásamt fylgni þeirra við lífsánægju er birt í töflu 4.

Tafla 4. Fylgni milli yfirþátta SIPP-60 og við spurningalista um lífsánægju ($p < 0,01$) ásamt alfa áreiðanleika sem er á skálínu í töflunni ($N=319$ til 321).

	1.	2.	3.	4.	5.	6.
1. Sjálfstjórn	0,86					
2. Sjálfkennd	0,64	0,90				
3. Tengslamyndun	0,48	0,70	0,87			
4. Ábyrgð	0,60	0,55	0,49	0,86		
5. Félagsleg samsv.	0,66	0,44	0,54	0,49	0,80	
6. Lífsánægja (SWL)	0,46	0,65	0,50	0,33	0,51	0,90

Í töflu 4 sést að áreiðanleiki yfirþátta SIPP-60 og spurningalista um lífsánægju var í öllum tilvikum góður ($\alpha \geq 0,80$). Miðlungssterk til sterk fylgni er milli yfirþátta SIPP listans. Fylgni yfirþáttanna við lífsánægju eru í öllum tilvikum marktæk og jákvæð sem þýðir að aukin færni á þessum sviðum tengist meiri lífsánægju. Tengsl lífsánægju eru sterkust við Sjálfstjórn ($r=0,65$) en veikust við Ábyrgð ($r=0,33$).

Að lokum voru tengsl yfirþátta SIPP-60 við skimunarlista fyrir persónuleikaraskanir skoðuð (IIP-PD). Próffræðilegir eiginleikar íslensku þýðingar IIP-PD hafa ekki verið kan-

naðir. Því var ákveðið að styðjast ekki við vendigildi (cut-off score) IIP-PD listans sem gefur til kynna hvort svarandi uppfylli mögulega greiningarviðmið fyrir persónuleikaröskun eða ekki, þar sem óvíst er hversu vel það gildi reynist hér á landi. Þess í stað var þátttakendum skipt upp í þrjá jafna hópa út frá heildarskori þeirra á IIP-PD. Alfa áreiðanleiki heildarskorsins reyndist vera góður eða 0,88. Því næst voru fimm dreifigreiningar (anova) reiknaðar með IIP-PD hópa sem frumbreytu og yfirþætti SIPP listans sem fylgibreytu. Bonferroni eftirá (post hoc) samanburðir voru gerðir til að kanna mun á milli hópanna. Meðaltöl og staðalfrávik hópanna ásamt niðurstöður dreifigreininga eru birt í töflu 5.

Tafla 5. Niðurstöður dreifigreininga með leiðréttum eftirá (Bonferroni post hoc) samanburðum á meðaltölum (staðalfrávik eru í sviga) þátttakenda á yfirþáttum SIPP-60 eftir því hvort skor þeirra á skimunarlista fyrir persónuleikaraskanir (IIP-PD) eru lág (1), miðlungs (2) eða há (3). Fjöldi þátttakenda í hópum 1 og 2 er 105 en 106 í hópi 3. $P < 0,001$ fyrir öll F gildi í töflunni.

SIPP-60	IIP-PD hópar			F	Samanb.
	1.	2.	3.		
Sjálfstjórn	3,6 (0,4)	3,3 (0,4)	3,0 (0,4)	55,5	1>2>3
Sjálfkennd	3,6 (0,4)	3,4 (0,5)	3,1 (0,6)	33,6	1>2>3
Tengslamyndun	3,5 (0,4)	3,3 (0,3)	3,0 (0,4)	32,5	1>2>3
Ábyrgð	3,4 (0,4)	3,1 (0,4)	3,0 (0,4)	21,4	1>2=3
Félagsleg samsv.	3,5 (0,4)	3,4 (0,4)	3,0 (0,4)	59,5	1>2>3

Niðurstöður í töflu 5 sýna að í öllum tilvikum nema einu (hópar 2 og 3 á yfirþættinum Ábyrgð) er marktækur munur á meðaltölum á yfirþáttum SIPP listans eftir því hvort skor þátttakenda á skimunarlista fyrir persónuleikaraskanir eru lág, miðlungs eða há. Eftir því sem þátttakendur skora hærra á skimunarlistanum eru skor þeirra lægri á yfirþáttum SIPP listans sem bendir til minni færni á því sviði sem viðkomandi þáttur mælir.

Umræða

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að próffræðilegir eiginleikar íslensku þýðingar SIPP-118 séu góðir. Áreiðanleiki undirþátta var í flestum tilvikum ásættanlegur og meðaltöl og staðalfrávik undirþátta voru svipuð og Verheul o.fl. (2008) birta fyrir hollensku útgáfuna í almennu úrtaki. Niðurstöður þáttagreiningar sýndu þó að fimm þættir lýsa ekki þáttabyggingu íslensku þýðingarinnar jafn vel og þeirrar hollensku þar sem undirþættir röðudust öðruvísi á tvo af fimm þáttum í þessari rannsókn. Þáttagreiningar með mismunandi fjölda þátta bentu til að þrír eða fjórir þættir lýstu þáttabyggingu þýðingarinnar betur. Munur á úrtökum getur mögulega valdið þessu misræmi en þáttagreining á hollensku útgáfunni var gerð í úrtaki sjúklinga með persónuleikaraskanir. Hægt væri að gera nákvæman samanburð á tengslum undirþátta við yfirþætti með staðfestandi þáttagreiningu í mismunandi úrtökum. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir mælitæki eins og SIPP sem byggja á þeirri hugmynd að einkennandi þættir (eða víddir) eðlilegs persónuleika sé hægt að nota til að lýsa persónuleikaröskunum þar sem ekki sé um mun á eðli vandans að ræða heldur frekar magni eða umfangi hans.

Tengsl yfirþátta samkvæmt SIPP-60 við spurningalista um lífsánægju og samskiptavanda voru eins og búist var við og styðja hugtakaréttmæti listans. Þó er rétt að taka fram að próffræðilegir eiginleikar þessarar stuttu útgáfu SIPP listans hafa ekki verið rannskakaðir. SIPP listarnir eru nýjir og því lítil reynsla kominn á notagildi þeirra. SIPP-118 er nú þegar til á fjölmörgum tungumálum (ensku, hollensku, ítölsku, spænsku, norsku og sænsku) og er því rannsóknarniðurstaðna að vænta á næstu misserum. Rannsóknir munu einnig halda áfram á íslensku þýðingu listans. Í ljósi niðurstaðna þessarar rannsóknar er rétt að bíða með dreifingu listans til notkunar á meðal fagfólks. Kanna þarf betur þáttabyggingu listans í stærra og almennara úrtaki ásamt því að skoða stöðugleika listans yfir tíma. Einnig er mikilvægt að skoða að hve miklu leiti mælingar með listanum eru háðar almennri vanlíðan svo sem kvíða, depurð og streitu. Áframhaldandi rannsóknir ættu einnig að beinast að notagildi listans við greiningu og mat á árangri meðferðar við persónuleikaröskunum.

Heimildir

- American Psychiatric Association. (2000). *Diagnostic and statistical manual for mental disorders* (fjórða útgáfa, endurbætt). Washington: Höfundur.
- Diener, E., Emmons, R.A., Larsen, R.J. og Griffin, S. (1985). The Satisfaction with Life Scale. *Journal of Personality Assessment*, 49, 71-75.
- Horowitz, L.M., Rosenberg, S.E., Baer, B.A., Ureño, G. og Villasenor, V.S. (1988). Inventory of interpersonal problems: psychometric properties and clinical applications. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 56, 885-892.
- Livesley, W. J. (1998). Suggestions for a framework for an empirically based classification of personality disorder. *Canadian Journal of Psychiatry*, 43, 137-147.
- Livesley, W. J. (2001). Conceptual and taxonomic issues. Úr W. L. Livesley (Ritstj.), *Handbook of personality disorders* (bls. 3-38). New York. Guilford Press.
- Pavot, W. og Diener, E. (1993). Review of the Satisfaction with Life Scale. *Psychological Assessment*, 5, 164-172.
- Pilkonis, P. A., Kim, Y., Proietti, J. M. og Barkham, M. (1996). Scales for personality disorders developed from the inventory of interpersonal problems. *Journal of Personality Disorders*, 10, 355-369.
- Verheul, R., Andrea, H., Berghout, C. C., Dolan, C., Busschbach, J. J. V., van der Kroft, P. J. A., Bateman, A.W. og Fonagy, P. (2008). Severity indices of personality problems (SIPP-118): development, factor structure, reliability, and validity. *Psychological Assessment*, 20, 23-34.
- Verheul, R. og Widiger, T. A. (2004). A meta-analysis of the prevalence and usage of personality disorder not otherwise specified (PDNOS). *Journal of Personality Disorders*, 18, 309-319.
- Widiger, T. A., og Simonsen, E. (2005). Alternative dimensional models of personality disorder: Finding a common ground. *Journal of Personality Disorders*, 19, 110-130.